

"Gústaf Adolf, fæddur 1800, V, III., kvæntur Eufemíu, furstafrú af Tantemborg, erfðagreifinnu að Neller-Huningen, borinni 1816, II, †....1838....."

Krossinn og ártalið þar á eftir var skrifað með skjálfandi hönd, með svörtu bleki og var auðsjáanlega ný-skrifað, og auðsjáanlega með sömu hönd og sama bleki var dregin þar á grein með tveim skjöldum úr skjaldarmerki foreldranna. Í miðjum salnum var altari reist og prýtt með dýrum fornum silfurkerum og voru þeir hinir o ztu gripir, umhverfis þau var skreytt með grenikvílsum svo glænýjum, að snjórimn var nýbráðnaður á þeim og glitraði sem skærar daggperlur, sem af og til drupu niður á mjúkt altarisklæðið; mitt á því stóð gyltur skírnarfontur á útskornum fæti af sedrusviði frá Libanon og smelt flísum af olíuviði, en þennan við hafði ættfaðirinn haft heim með sér frá landinu helga.

Svo langt fram í aldir, sem ættarsagan náði, höfðu ríkisgreifarnir af Dynar verið skírðir á þessum og úr þessum skírnarfont.

Það stóð nú til, að dóttir Gústafs Adolfs von Dynar yrði innan einnar klukkustundar borin hátíðlega fram fyrir þetta drottins altari.

Í hinum mikla sal var djúp þögn. Úti var ofurlítill snjó-ýringur og kammdegisbirtan var ekki meiri en svo, að hún gat tæplega rofið rökrið í hinum stóra sal.

Erfiherrann að Proczna gekk sífellt um gólf; hann var aleinn og hugsandi, en forfeður hans stórðu stoltir og alvarlegir niður á hann frá veggjunum.

Þeir voru hvor öðrum ofur líkir, allir ríkisgreifarnir af Dynar. Það voru sömu stóru augun, sama stranga, tindrandi augnaráðið, sama gáfulega ennið